

21. Frumvarp

til laga um styrkveiting til handa íslenskum stúdentum við erlenda háskóla.

(Lagt fyrir Alþingi 1925).

1. gr.

Heimilt er ráðherra að veita styrk til náms við erlenda háskóla íslenskum stúdentum, allt að 4 á ári, enda hafi þeir lokið stúdentsprófi hjer á landi með fyrstu eða annari einkunn.

2. gr.

Styrkurinn veitist til 4 ára, allt að 1200 kr. á ári, og að öðru leyti með skilyrðum þeim, er segir í lögum þessum, og sett kunna að verða í reglugjörð eða á annan hátt af ráðherra.

3. gr.

Styrkurinn skal að jafnaði veittur þeim stúdentum einum, er lokið hafa stúdentsprófi á því ári, er styrkurinn er veittur.

Styrkinn má að eins veita reglusömum og ástundunarsömum stúdentum, og að öðru jöfnu skulu þeir stúdentar ganga fyrir, er mest þarfnast styrks fyrir fátæktar sakir.

Að öðru leyti setur ráðherra reglur um styrkveitingar þessar, svo sem um það, hvernig umsóknum um styrkinn skuli hagað, hverjar sönnur stúdentar skuli færa á það, að þeir noti vel styrkinn; ennfremur um það, fyrir hverjar sakir þeir missi styrkinn, og þess konar.

Athugasemdir við frumvarp þetta:

Það þykir rjett bæði vegna stúdenta þeirra sjálfra, er stunda vilja nám við erlendan háskóla, og vegna hins íslenska háskóla. að ákveða það beint með lögum, hve mörgum stúdentum veita megi styrk til náms við erlenda háskóla. Það er mikilsvert fyrir stúdentana sjálfa, að vita með vissu þegar við byrjun námsins, að hverju þeir megi ganga. Það er og af atriði fyrir háskólann hjer, og þá stúdenta, sem við hann stunda nám, að takmörk sje sett fyrir

þeim styrk, er fer til stúdenta við erlenda háskóla. Sje það mikið fje, sem á ári hverju er veitt til þessa úr ríkissjóði, og auk þess meira eitt árið en annað, þá er hætt við, að styrkurinn til stúdenta við vörn eigin háskóla verði fremur af skornum skamti og óviss.

Styrkurinn er ákveðinn alt að 1200 kr. á ári í 4 ár, og ætlast til að hann samsvari nokkurn veginn Garðstyrknum, eða þeim styrk, er íslenskir stúdentar nutu áður á Garði.

Með þessu móti yrði styrkur sá, er ríkissjóður greiddi árlega stúdentum við erlenda háskóla, alt að 19200 kr., því að sennilega yrði styrkurinn notaður að fullu.

Það virðist rjett að setja það ákvæði, að styrkurinn skuli venjulega veittur fyrstu fjögur stúdentsárin, en ekki t. d. þeim stúdentum, er byrja námið við háskólann hjer, en fara síðan utan, eða þeim, er af öðrum ástæðum byrjuðu ekki þegar námið erlendis. Þó gæti það verið, að ástæða væri til út af þessu að bregða einstöku sinnum, og er ekki loku fyrir það skotið eftir orðalagi frumvarpsins.

Það ákvæði er ekki tekið upp i frumvarpið, sem hefir staðið í fjárlögnum, að styrkur skuli að eins veittur til að stunda það háskólanám, sem ekki fæst kensla í við háskólann hjer. Það er sjálfgefið, að svo verður að jafnaði. En það á ekki að vera fyrir það girt, að stúdent geti fengið styrk til að stunda háskólanám erlendis, þótt og sje kent hjer.

Um einstakar greinir þykir ekki ástæða til að ræða sjerstaklega.